



Framkvæmda- fréttir

3. tbl. / 10



Hringvegur (1) í Mosfellsbæ. Kafli sem verður breikkaður. Mynd: Hilmar Finnsson.

Hringvegur (1), Vesturlandsvegur, milli Hafravatnsvegjar og Þingvallavegar

Í þessu blaði er auglýst útbod tvöföldunar Hringvegjar milli Hafravatnsvegjar í Mosfellsbæ og Þingvallavegar.

Með þessari framkvæmd er talið að umferðaröryggi aukist til muna á vegkaflanum. Einnig verður umferð jafnari og greiðari. Tengingu við Ásland inná Vesturlandsveg verður lokað og umferðinni beint um hringtorgið. Á framkvæmdatímanum verður reynt sem kostur er að takmarka truflanir á umferð. Að lokinni framkvæmd verður vegurinn með 2+2 sniði og þriggja metra miðdeili og vegriði á milli til að aðgreina akstursstefnur.

Á mótum Hringvegjar og Álafossvegjar verður tvöfalt þriggja arma hringtorg. Milli hringtorgsins við Þverholt og hringtorgsins við Álafossveg verður núverandi vegur breikkaður í suður en nyrðri kanturinn sem er nær íþróttasvæðinu verður nánast óbreyttur.

Kaflinn norðan Álafossvegjar að hringtorginu við Þingvallaveg verður breikkaður norð-vestan megin en núverandi

vegkantur (axlarbrún), sem snýr að byggðinni færast ekki nær henni nema næst hringtorginu við Álafossveg. Á kaflanum að Áslandi er jafnframt gert ráð fyrir nýrri hljóðmön milli vegar og byggðar.

Brúin á Hringveginum yfir Varmá verður breikkuð báðum megin og undirgöngin þar austan megin lengd til suðurs. Stígur frá undirgöngunum verður lagður í nýrri legu fjær Hringveginum, á nýrri göngubrú yfir Varmá og yfir Álafossveg um nýja miðeyju þar. Undirgöng úr stáli við Ásland verða lengd í átt frá byggðinni.

Auk tvöföldunar Hringvegjarins er fyrirhugað í samvinnu við Mosfellsbæ að tenging Áslands við Hringveginn verði aflögð, biðstöð strætisvagna þeim megin færð sunnar og þannig nær undirgöngunum, auk þess sem hljóðvist verður bætt með lengingu og hækkun mana meðfram Hringveginum.

Sjá loftmynd og tekeningu í næstu opnu. ■

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin



Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7


105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

3. tbl. 18. árg. nr. 535 15. mars 2010

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbodsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbod eru kynnt, útbodsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.

Hringvegur (1) - tvöföldun, Hafravatnsvegur – Þingvallavegur





Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), tvöföldun 09-007

Hafravatsvegur – Þingvallavegur

Vegagerðin og Mosfellsbær óska eftir tilboðum í tvöföldun Hringvegar (1) milli Hafravatsvegar og Þingvallavegar. Í verkinu felst auk þess stækkun hringtorgs við Álafossveg, lenging undirganga fyrir göngu-, hjólréiða- og reiðfólk við Varmá, lengingu stálbogaundirganga fyrir göngu- og hjólréiðafólk í Ullarnesbrekku, breikkun brúar yfir Varmá, gerð reið-, göngu- og hjólréiðastíga meðfram Hringvegi(1) ásamt gerð hljóðmana austan Vesturlandsvegar.

Verkið er samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og Mosfellsbæjar.

Helstu magntölur eru:

Veghluti

Skering í laus jarðlög 36.000 m³

Fláafleygar og manir 23.000 m³

Fyllingarefni úr námum. 15.300 m³

Neðra burðarlag 12.000 m³

Efra burðarlag 3.500 m³

Malbik 36.000 m²

Steypt mannvirki

Mótafletir. 800 m²

Steypustyrktarjárn 29.000 kg

Steinsteypa. 220 m³

Undirgöng

Heitgalvaniseraðar plötur 7.840 kg

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 30. september 2011.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 16. mars 2010. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 7. apríl 2010 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Loftmynd: Loftmyndir ehf.



SKÝRINGAR

- Nýir vegkantar
- Nýir siltlagskantar axla
- Nýir kantasteinar
- Nýir gangatigar



Útboðsmörk


Leiðrétting




Þessi mynd var á forsíðu síðasta tölublaðs, nr. 534.

Í myndatexta var ranglega sagt að hún sýndi Suðurlandsveg um Draughlíðarbrekku við Litlu kaffistofuna. Rétt er að myndin er tekin í vesturátt á Suðurlandsvegi við vegamót að Hamragili þar sem 2+1 vegurinn byrjar.

Bundið slitlag í árslok 2009





- Bundið slitlag lagt 2009
- Bundið slitlag í lok árs 2008
- Þjóðvegir með malarslittagi

0803.2010 VAI

Landsvirkjun afhendir Vegagerðinni Kárahnjúkaveg

Landsvirkjun og Vegagerðin hafa undirritað samning sín á milli um að forræði og umsjón með Kárahnjúkavegi, og að hluta á Hraunavegi, færist yfir til Vegagerðarinnar. Með samningi þessum afhendir Landsvirkjun Vegagerðinni áðurnefnda vegi, án greiðslna eða endurgjalds, en vegirnir voru lagðir af Landsvirkjun í tengslum við rannsóknir og framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun.

Við afhendingu flytjast hverskonar ábyrgðir og skyldur vegna áðurgreindra vega yfir til Vegagerðarinnar, það er þjónusta og viðhald þeirra. Kárahnjúkavegur og Hraunavegur að hluta voru afhentir Vegagerðinni þann 31. desember 2009. Landsvirkjun mun á árinu 2010 leggja klæðningu á hluta Kárahnjúkavegar og gera við axlir vegarins þar sem þess þykir þörf með tilliti til umferðaröryggis.


„Það er alltaf ánægjulegt að taka við vegum sem munu nýtast almenningi vel þótt þeir séu ekki endilega fjölförmostu vegir landsins. Umræddir vegir verða í flokki landsvega en á þeim vegum er yfirleitt gert ráð fyrir árstíðabundinni umferð og því minna eftirliti og minni þjónustu en á öðrum þjóðvegum,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.

„Landsvirkjun og Vegagerðin hafa alla tíð átt farsælt samstarf

og hefur Landsvirkjun að afloknum virkjunarframkvæmdum afhent Vegagerðinni fjölmarga vegi til eignar og bætist nú Kárahnjúkavegur við,“ segir Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar.

Vegirnir sem samtals eru röskir 60 km að lengd flokkast undir landsvegi. Kárahnjúkavegur liggur frá Þjóðvegi 931 að vegamótum Brúardalaleiðar vestan Jökulsár á Dal, og flyst umsjón með veginum í heild yfir til Vegagerðarinnar, að undanskildum vegarkaflanum frá austurenda Desjarárstíflu vestur fyrir áningarstað ferðamanna við Kárahnjúkastíflu.

Sá hluti Hraunavegar sem færist yfir til Vegagerðarinnar er frá vegamótunum við Kárahnjúkaveg skammt suður fyrir áningarstað við Laugafell.





Kárahnjúkavegur. Vatnajökull í baksýn.

Kárahnjúkavegur verður hluti Austurleiðar F910

Kárahnjúkavegur fær vegnúmerið 910 og verður hluti Austurleiðar F910. Hún liggur af Sprengisandsleið í Tómasahaga, norðan Trölladyngju, fram hjá Öskju, yfir Jökulsá á Fjöllum hjá Upptyppingum, um Ytramynni og á Fiskidalsháls, þaðan til suðurs vestan Jöklu, um Meljaðrafjall og Lambafell að Kárahnjúkavirkjun, um stíflumannvirki, Vesturöræfi, norðan Snæfells, út Fljótsdalsheiði, á Upphéraðsveg hjá Bessastöðum.



Hörður Arnarson forstjóri Landsvirkjunar og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri takast í hendur eftir að hafa skrifað undir samninginn.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.


Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
10-003 Vetrarþjónusta 2010 - 2014, Rangárvallasýsla og Flói	10
10-005 Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, malbik	10
10-016 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, malbik	10
10-018 Hringvegur (1) um Fjarðará í Lóni	10
10-004 Yfirlagnir á Suðursvæði 2010, klæðing	10
10-007 Styrkingar á Suðursvæði 2010	10
10-032 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hellissandur - Fróðarheiði - Breiðavík	10
10-014 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vestfirðir	10
10-033 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Vegamót - Borgarnes - Norðurárdalsvegur	10
10-031 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Borgarnes - göng, Akrafjallsvegur og Hvalfjörður	10
10-011 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2010	10
10-029 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Djúpvogur - Höfn	10
10-023 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur(85), Raufarhöfn - Fell	10
10-024 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Bakkafjörður og Vopnafjörður	10
10-025 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, vegir á Fljótsdalshéraði	10
10-021 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur(85), Lón - Raufarhafnarafleggjari	10
10-026 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðfjarðarvegur	10
10-022 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Einarstaðir - Biskupsháls	10
10-028 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Breiðdalsvík - Djúpvogur	10
10-020 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Norðausturvegur (85), Kross - Lón í Kelduverfi	10

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
10-030 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Höfn- Skeiðarársandur	10
10-019 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Eyjafjörður að vestan	10
10-027 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Suðurjarðavegur, Fáskrúðsfjarðargöng - Breiðdalur	10
10-036 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Siglufjarðarvegur	10
10-001 Sumarþjónusta á Suðursvæði 2010, heflun	10
10-013 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Norðurland vestra	10
10-009 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2010, klæðing	10
10-012 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2010, Vesturland	10
10-015 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2010, klæðing	10
10-002 Sumarþjónusta á Suðursvæði 2010, sópun og grassláttur	10
10-006 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2010	10
10-010 Yfirborðsmerkingar 2010 -2012, vegmálun	10
10-008 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2010, blettir	10
10-035 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Hringvegur(1), Brú - Blönduós	10
10-034 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Innstrandavegur, Brú - Guðlaugsvík	10
10-037 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2010, malbik	10
10-039 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvogur, Vestfjarðavegur í Reykhólasveit -Reykjanes	10
10-038 Vetrarþjónusta 2010 - 2013, Djúpvogur, Reykjanes - Bolungarvík	10

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
09-007 Hringvegur (1), tvöföldun Hafvatnsvegur - Þingvallavegur	15.03.10	07.04.10
09-034 Hringvegur (1) - tvöföldun, Fossvellir -Draugahlíðar	08.03.10	20.04.10
10-017 Hringvegur (1), Jökulsá á Breiðamerkursandi, rofvörn farvegur	08.03.10	23.03.10



Verulega minni umferð í janúar og febrúar

Umferðin eins og hún er mæld á 16 völdum talningarstöðum á Hringvegi hefur dregist mikið saman miðað við fyrstu tvo mánuði ársins. Fara þarf aftur til ársins 2006 til að finna minni akstur í janúar og febrúar mánuðum.

Umferðin í janúar og febrúar í ár er 4,3 prósentum minni en í sömu mánuðum 2009.

Á Suðurlandi dregst aksturinn mest saman eða um 9,0% sem er tæplega það hlutfall sem hann hafði áður aukist um á milli 2008 og 2009. Höfuðborgarsvæðið sýnir einnig talsverðan samdrátt en Norður- og Austurland er einu landsvæðin þar sem akstur eykst milli ára 2009 og 2010 í tveimur fyrstu mánuðum ársins.